

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 30. ÁRG. 2024





- |  |   |   |
|--|---|---|
| <p>4 STEFÁN A. SVENSSON<br/>Formannspistill</p> <p>6 ARI KARLSSON<br/>Frá ritstjórn</p> <p>7 Ný stjórn Lögmannafélags Íslands.</p> <p>8 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Fréttir af Lagadegi 2024</p> <p>10 HULDA RÓS RÚRÍKSDÓTTIR<br/>Hraðahindranir á brautum dómsskerfisins</p> | <p>12 ÁSBJÖRN JÓNASSON<br/>„Handalögmál, móðganir og varðhald á heimili héraðsdómara“</p> <p>14 LAGADAGSKVÖLDIÐ<br/>Var gaman?</p> <p>16 EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR<br/>Metfjöldi kvartana til úrskurðarnefndar lögmanna</p> <p>18 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Lögmannafélagið styrkir fræðasamfélagið</p> | <p>20 VIÐTAL VIÐ RAGNHEIÐI BRAGADÓTTUR<br/>Hef alltaf haft áhuga á mannlega þættinum í lögfræðinni</p> <p>23 STEFÁN A. SVENSSON<br/>Jónas A. Aðalsteinsson – Kveðja frá Lögmannafélagi Íslands</p> <p>24 MEISTARAMÓT Á SUMARDAGINN NÆSTSÍÐASTA<br/>Af sólarsemba og sigurvegurum</p> <p>26 EINAR GAUTUR STEINGRÍMSSON<br/>Úrskurðarnefnd lögmanna</p> |
|--|---|---|

**Lögmannafélag Íslands**

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**

Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@lmgi.is](mailto:ari@lmgi.is)

**Aðstoðarritstjóri**

Eyrún Ingadóttir  
Netfang: [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)

**Ritnefnd**

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Únnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**

Stefán A. Svensson lögmaður, formaður,  
[stefan@juris.is](mailto:stefan@juris.is)  
Eva Halldórsdóttir lögmaður, varaformaður,  
[eva@llg.is](mailto:eva@llg.is)  
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, ritari  
[hildur@landslog.is](mailto:hildur@landslog.is)  
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður, gjaldkeri  
[sigrun@skagi.is](mailto:sigrun@skagi.is)  
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi  
[mhm@sigthor.com](mailto:mhm@sigthor.com)

**Varastjórn LMFÍ**

Auður Björg Jónsdóttir lögmaður,  
[audur@jalogmenn.is](mailto:audur@jalogmenn.is)  
Gísli G. Hall lögmaður,  
[ggh@lav.is](mailto:ggh@lav.is)  
Guðmundur Ingví Sigurðsson lögmaður,  
[guðmundur@lex.is](mailto:guðmundur@lex.is)

**Starfsmenn LMFÍ**

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður

**Forsíðumynd**

Frá meistaramóti LMFÍ í golfi í september sl.  
Helga Melkorka Óttarsdóttir mundar kylfuna.  
Ljósmynd: Eyrún Ingadóttir.

**PRENTVINNSLA**

Litlaprent ehf.

**UMSJÓN AUGLÝSINGA**

Óflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689



# NÝ GAGNAÍLÁT

Aukið öryggi  
aukin þjónusta



- Engir lykjar
- Snertilaust kort og/eða kóði opnar
- Trúnaðarstarfsmenn fá réttindi til að opna ílát
- Rafræn skráning á hver opnar ílát
- Einföld afturköllun réttinda
- Viðvörðun ef ílát er skilið eftir opið

Gagnaeyðing eyðir öllum gögnum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlað til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örygg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# SKILVIRKNI VIÐ REKSTUR DÓMSMÁLA

STEFÁN A. SVENSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Á vel heppnuðum Lagadegi sem haldinn var í lok september sl. kom meðal annars til umræðu skilvirkni við rekstur einka- og sakamála. Var rætt um lengd málsmeðferðartíma á neðra dómstigi og áfrýjunarstigi auk þess hvernig stuðla mætti betur að árangursríkari og skilvirkari málsmeðferð á öllum stigum málsmeðferðar, svo sem varðandi sóknar- og varnarskjöl, gagnaöflun og aðalmeðferðina sjálfa.

Líkt og komið var inn á í erindi eins framsögumanna, og rakið er í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 49/2016 um meðferð einkamála og meðferð sakamála (millidómstig, Landsréttur), þá hefur verið rík og vaxandi tilhneiging hjá málsaðilum til að fá dómsniðurstöðu á neðsta dómstigi endurskoðaða. Afleiðingin bæði hér á landi og í nágrannalöndunum hefur verið sú að áfrýjunardómstólum berst mikill fjöldi kæra og áfrýjana. Millidómstigið getur því haft tilhneingingu til að verða flöskuháls í dómskerfum.

Á hinum Norðurlöndunum hefur verið reynt að draga úr málafjölda og einfalda málsmeðferð á millidómstigi til að bregðast við þessu. Í fyrrnefndum lögskýringargögnum er rakið að í Noregi og Danmörku hafi verið brugðist við miklu álagi á millidómstiginu með ýmsum heimildum dómara til að afgreiða mál strax á fyrstu stigum málsmeðferðar ef ljóst sé að galli sé á málsmeðferð eða ólíklegt sé að áfrýjun muni leiða til breytinga á niðurstöðu héraðsdóms. Stór hluti mála sé afgreiddur með þessum hætti án munnlegs málflutnings. Í Svíþjóð og Finnlandi sé hins vegar almenna reglan sú að leyfi viðkomandi dómstóls á millidómstigi þurfi til að mál sé tekið til áfrýjunarmeðferðar. Í Svíþjóð sé reglan þó sú að í sakamálum, þar sem refsing sé yfir sex mánaða fangelsi, þurfi ekki slíkt samþykki. Umræddar tvær aðferðir feli báðar í sér að sá sem vilji skjóta máli sínu til æðra dómstigs fái mál sitt tekið til skoðunar þar þótt sú meðferð sé ekki fullkomin áfrýjunarmeðferð.

Hér á landi eru samkvæmt framansögðu ótvírætt ríkari heimildir til áfrýjunarmeðferðar samanborið við hin Norðurlöndin. Það er vel út af fyrir sig og samrýmist meðal annars sjónarmiðum um aðgengi að réttlátri málsmeðferð fyrir dómstólum. Á hinn bóginn verður á sama tíma að tryggja að málsmeðferðartími fari ekki úr böndunum og að málsmeðferðin á millidómstigi verði áfram skilvirk, vönduð og réttlát. Það er því ekki hægt að loka augunum fyrir því að haldi fjöldi mála á millidómstiginu áfram að vaxa líkt og vísbendingar eru um þá getur þurft að bregðast við, hvort sem það yrði með fjölgun dómara eða öðrum úrræðum. Er mikilvægt að lögmenn láti ekki eftir sitt liggja í þeirri umræðu þegar og ef til hennar kemur.

Á fyrsta dómstiginu er vel þekkt að málsmeðferð getur dregist á langinn og þá ekki hvað síst í tengslum við öflun matsgerða í einkamálum. Í leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar um málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum er kveðið á um að fari annar hvor aðili fram á að dómkvaddir verði matsmenn í einkamáli skal lagt fyrir matsmenn að ljúka mati innan sex vikna frá dómkvaðningu og leggja fyrir aðila máls að sjá til þess að svo verði. Reyndin er þó önnur og þess þekkjast dæmi að matsferli taki mörg ár. Það er ef til vill tímabært að skoða niður í kjölinn þennan mikilvæga þátt í málsmeðferðinni, þ. á m. hvort og þá hvernig sporna megi við því að mál dragist óhóflega vegna hans. Á sama tíma þarf þó að tryggja að hagsmunir málsaðila til að færa sönnur fyrir sínum málatilbúnaði séu ekki fyrir borð bornir. Það þarf því að feta nokkuð vandratað einstigi hér.

Hvað sem þessum vangaveltum líður má ekki missa sjónar á því að heilt yfir er íslenskt réttarkerfi skilvirkt, þ. á m. í alþjóðlegum samanburði. Því ber að sjálfsgöðu að fagna.

# BREYTINGAR Á FÉLAGATALI

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### Andri Andrason

Juris, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Arnar Vilhjálmur Arnarsson

AVA Legal slf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Ásgeir Eliasson

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ

### Edda Hulda Ólafardóttir

Claudia & Partners Legal Services, Lágmúla 5, 108 Reykjavík

### Felicia Mariana Pralea

OPUS lögmennt ehf., Austurstræti 12a, 101 Reykjavík

### Gunnar Smári Þorsteinsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Gerður Guðmundsdóttir

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

### Harri Ormarsson

Kópavogsbær, Digraunesvegi 1, 200 Kópavogi

### Hrafnhildur Kristinsdóttir

ADVEL lögmennt ehf., Hafnartorg, Kalkofnsvegi 2, 105 Reykjavík

### Ingunn Ósk Magnúsdóttir

Tryggja, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík

### Katrín Viktoría Leiva

Melbæ 12, 110 Reykjavík

### Tómas Aron Viggósson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

### Þorsteinn Pétursson

Brekktanga 7, 270 Mosfellsbæ

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Anna Krístrún Einarsdóttir

Sjúkratryggingar Íslands, Vinlandsleið 16, 113 Reykjavík

### Bjarni G. Björgvinsson

Laufskógum 8, 700 Egilsstöðum

### Hallmundur Albertsson

Intra Legem slf., Laugavegi 77, 101 Reykjavík

### Harpa Rún Glad

Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík

### Helga Vala Helgadóttir

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík

### Pálmar Pétursson

Kvika banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

### Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir

Arion banki hf. Borgartúni 19, 105 Reykjavík

### Úlfar Freyr Jóhannsson

JS lögmannsstofa, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

## NÝTT HEIMILISFANG

### Arnar Bjartmarz

BZ legal ehf., Fellsmúla 26, 108 Reykjavík

### Hólmgeir Elías Flosason

Dexter Legal & Holding ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

### Grímur Már Þórolfsson

Réttindi lögmannsstofa, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

### Ástríður Gísladóttir

### Steinar Þór Guðgeirsson

Íslög ehf., Langholti 111, 104 Reykjavík

### Jóhannes Eiríksson

NOVO Legal slf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

### Tómas Þorvaldsson

Vík lögmannsstofa, Fiskislóð 37b, 101 Reykjavík

### Þórir Skarphéðinsson

Betri Stofan, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

### Þuríður Kristín Halldórsdóttir

Lögfræðiþjónustan ehf., Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík

## Lúðvík Emil Kaaber

Löggiltur skjalabýðandi í ísensku og ensku

Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmennt, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmannstörfum.

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is

# ...AÐ HÉR VARÐ HRUN

ARI KARLSSON  
RITSTJÓRI



Fyrir tveimur vikum síðan voru 16 ár liðin frá mánudeginum 6. október 2008 sem markaði upphaf bankahrunsins. Við sem upplifðum þessa tíma minnumst flest ávarps forsætisráðherra í Ríkisútvarpinu sem hófst á því að hann greindi frá því að miklir erfiðleikar steðjuðu nú að íslensku þjóðinni og endaði á Guð blessi Ísland. Síðdegis var síðan frumvarp að lögum nr. 125/2008 – neyðarlögin - lagt fram á Alþingi og samþykkt rétt fyrir miðnætti. Og fór sem fór.

Síst er ofsagt að hrunið hafði langvarandi og varanlegar afleiðingar á mörgum sviðum samfélagsins. Það er ekki skrytið sé tillit tekið til þess að útrás íslensks viðskiptalífs varð á stuttum tíma stór hluti í sjálfsmynd örþjóðar við nyrsta haf sem allt í einu var farin að gera sig gildandi í heiminum með stórtækum lántökum og yfirtökum evrópskra fjármála- og þekktra fyrirtækja. Á árunum fyrir hrun var stolt þjóðarinnar yfir útrásinni nánast áþreifanlegt og að árangurinn væri vegna þess að við værum einfaldlega betri en aðrar þjóðir; ef ekki best.

Fyrir okkur lögfræðinga voru tímarnir eftir hrun lærdómsríkir, krefjandi, erfiðir og um margt algjörlega fordæmalausir. Á meginreglur og þanþol settra laga á fjölmörgum réttarsviðum reyndi sem fáum hefði dottið í hug skömmu áður að nokkur ágreiningur væri um. Og hver hefði trúað því að sett væru víðtæk gjaldeyrishöft sem kölluðu á nýja sérhæfni lögfræðinga sem varð síðan úrelt um leið og höftunum var loksins aflétt?

Þá hafði aldrei áður verið stofnað til embættis sérstaks saksóknara til þess að rannsaka einn atburð hvað þá embætti sem yfirheyrði mörg hundruð einstaklinga og þar sem vel yfir hundrað einstaklingar höfðu réttarstöðu sakbornings og sem höfðu tugi sakamála. Svo ekki sé minnst á að í fyrsta sinn var ráðherra ákærður fyrir brot í embætti fyrir Landsdómi sem kom saman í fyrsta skiptið. Áherslan á uppgjör og ábyrgð var svo mikil fyrstu árin eftir hrun að samhljóm mátti heyrja í þjóðmálaumræðunni

yfir uppgjörinu og heyrðist um útrásina fyrir hrun. Engin þjóð væri Íslandi framar í að rannsaka orsakir og að láta einstaklinga bera ábyrgð á bankahruni; í uppgjöri hruns værum við best.

Þótt 16 ár séu drjúgur tími og þjóðin hafi sem betur fer jafnað sig efnahagslega er hins vegar vart mögulegt að ræða hrunið eða einstaka þætti þess enn þann dag í dag án þess að umræðan verði tilfinningaleg eða jafnvel persónuleg. Kannski er það merki um einhvers konar sameiginlega áfallastreituröskun sem líklegast kjarnast best í tuggunni um að við megum ekki gleyma því að hér varð hrun. Hins vegar er nauðsynlegt að við getum einhvern tímann rætt hrunið hlutlægt og rannsakað aðdraganda þess með viðurkenndum vísindalegum aðferðum og rökrætt án þess að fara í skotgrafir þ.m.t. varðandi það sem á undir fræðigreininna lögfræði.

Við sem lifðum þessa tíma eigum öll okkar minningar og upplifun. Fyrir þann sem hér ritar sem þá var að hefja starfsferilinn sem lögmaður stendur ein minning upp úr um leið og Geir Haarde hafði beðið Guð um að blessa Ísland.

Það var grátt októbersíðdegi og ég fór út til þess að fá mér ferskt loft og melta ræðuna. Hinum megin götu opnuðust vöruflutningadyr á myndveri útvarpshússins við Efstaleiti og bifreið forsætisráðherra ók út og meðfram austurhlíðinni.

Þegar ég fattaði að forsætisráðherra hafði keyrt beint inn í myndverið í stað þess að ganga í gegnum húsið varð mér fyrst fyrir alvöru ljóst að allt væri að hrynja.



F.v. Hildur Ýr Viðarsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Stefán A. Svensson, Magnús Hrafn Magnússon og Sigrún Helga Jóhannsdóttir.

# NÝ STJÓRN LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundi síðastliðið vor tók Stefán A. Svensson, lögmaður á lögmannsstofunni Juris við formennsku í Lögmannafélagi Íslands. Auk hans komu ný í stjórnina þær Hildur Ýr Viðarsdóttir, lögmaður á Landslögum og aðjúnkt við Lagadeild Háskóla Íslands og Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður og yfirlögfræðingur Skaga en Eva Halldórsdóttir lögmaður hjá LLG lögmonnum og Magnús Hrafn Magnússon lögmaður hjá Sigurjónsson & Thor hófu sitt seinna starfsár í stjórn.

## Námskeið Lögmannafélags Íslands

### **Samfélagsmiðlar og stafræn sönnunargögn - 5. nóvember 2024**

Fjallað verður um helstu tegundir samfélagsmiðla á Íslandi og virkni þeirra. Þá verður rætt um innri reglur og viðmið miðlanna sem og um samspil þeirra við íslenska löggjöf í samhengi við öflun sönnunargagna í sakamálum.

**Kennari** María Rún Bjarnadóttir sviðsstjóri hjá ríkislögreglustjóra.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 2 klst. Þriðjudagur 5. nóvember 2024, kl. 11.00-13.00.**

**Verð** Kr. 18.000,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 24.000,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 30.000,- fyrir aðra.

**Nánari upplýsingar og skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)**



F.v. Hafsteinn Þór Hauksson, Valgerður Sólnes, Skúli Magnússon, Páll Þórhallsson, Bjarni Benediktsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

# FRÉTTIR AF LAGADEGI 2024

Stærsti viðburður lögfræðingasamfélagsins, Lagadagurinn 2024, fór fram föstudaginn 27. september síðastliðinn. Byrjað var fyrir hádegi að fjalla um væntanlega stjórnarskrárbreytingar en eftir hádegi voru sex málstofur, annars vegar milli kl. 13.00-14.30 og hins vegar milli kl. 15.00-16.00. Um 550 manns sóttu viðburð á Lagadeginum að þessu sinni.

## Stjórnarskrárbreytingar framundan?

Fyrir hádegi var aðalmálstofa þar sem rætt var um tillögur að endurskoðun stjórnarskrárinnar sem hafa átt sér stað meira og minna samfellt frá árinu 2010, nú síðast með greinargerðum sérfræðinga. Gert er ráð fyrir að frumvarp til stjórnarskipunar laga verði lagt fram á komandi haustþingi og rætt um inntak þess og líklega ásteytingarsteina. Málstofustjóri var Hafsteinn Þór Hauksson dósent við Lagadeild Háskóla Íslands en framsögumenn voru Valgerður Sólnes prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, Skúli Magnússon þáverandi Umboðsmaður Alþingis, Páll Þórhallsson skrifstofustjóri skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu í forsætisráðuneytinu og. Í pallborði voru svo Bjarni Benediktsson forsætisráðgjafi og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir alþingismaður en tæplega 300 manns sóttu málstofuna.

## Barátta við vindmyllur? Umhverfissjónarmið og nýtingarréttur á sjó og landi

Á málstofunni var rætt um væntanlega stefnu stjórnvalda og löggjöf um vindmyllur; um forgangsroðun umhverfissjónarmiða og hve langt eigi að ganga við nýtingu. Einnig var fjallað um norsku löggjöfina sem snýr að orkugeiranum, uppbyggingu

vindorkuvera í Noregi og hvað við getum lært af þeirra reynslu. Málstofan var haldin í samstarfi við Áorku, áhugahóp um orkurétt og var málstofustjóri Hanna Björg Konráðsdóttir deildarstjóri raforkueftirlits hjá Orkustofnun. Framsögumenn voru Hilmar Gunnlaugsson lögmaður hjá Sókn lögmannsstofu og formaður starfshóps um endurskoðun rammaáætlunar, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir land- og skipulagsfræðingur, aðjúntkt við Háskóla Íslands Aleksander Dypvik Myklebust lögmaður hjá Arntzen de Besche Advokatfirma AS í Noregi en tæplega 100 manns sóttu málstofuna.

## Valdmörk hluthafa og stjórna hlutafélaga

Á undanförunum misserum hafa komið upp mál hér á landi þar sem reynt hefur með afgerandi hætti á valdmörk hluthafa og stjórna í hlutafélögum og því þótti tilefni til að taka þetta mál fyrir á Lagadaginn. Meðal annars var rætt um hvort hluthafar væru líklegri til að hafa frekar langtímaþjónarmið og sjálfbærnimál að leiðarljósi heldur en stjórnir hlutafélaga við ákvarðanatöku sína, hvernig hugmyndir um auknar skyldur á herðar stjórnendum kæmu heim og saman við inntak trúnaðarskyldu stjórnenda og hvor hluthafar og stjórnir íslenskra hlutafélaga væru meðvituð





F.v. Hanna Björg Konráðsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Aleksander Dypvik Myklebust.



F.v. Elín H. Jónsdóttir, Guðrún Johnsen og Arnljótur Ástvaldsson.



F.v. Halldór Brynjar Halldórsson, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir, Páll Gunnar Pálsson og Heimir Örn Herbertsson.



F.v. Oddur Þorri Viðarsson, Kristín Benediktsdóttir, Anna Rut Kristjánsdóttir og Ásgerður Snævarr.

um hvar valdmörkin liggja milli hluthafa og stjórna. Um 160 manns sóttu málstofuna sem var stjórnað af Unni Lilju Hermannsdóttur lögmanni hjá Landslögum. Framsögumenn voru þau Elín H. Jónsdóttir, lektor við Lagadeild Háskólans á Bifröst, dr. Guðrún Johnsen, deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst og dr. Arnljótur Ástvaldsson lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík.

### „Enginn er eyland í ólögmetu samráði“ ... eða hvað?

Þeir voru hressilegir rökstólarnir um ólögmett samráð sem fjallaði um hvaða þýðingu það hefði þegar fyrirtæki viðurkenndi aðild að ólögmetu samráði og hver væri þá staða annarra þátttakenda í ætluðu samráði. Eins var rætt um á hverju nálgun og beiting samkeppnisyfirlvalda á reglum um settir og hlífðarmeðferðir fyrir fyrirtæki væru grundvalladar, hvort viðurlög og úrræði væru almennt fullnægjandi í núverandi löggjöf og hvernig beiting þeirra væri í alþjóðlegum samanburði. Stjórnandi var Heimir Örn Herbertsson sérfræðingur við Lagadeild Háskólans í Reykjavík en þátttakendur þau Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður hjá LOGOS, Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppnisefirlitsins og Þorbjörg Ásta Leifsdóttir lögmaður hjá BBA//Fjeldco.

### Kæru- og úrskurðarnefndir: Er kominn tími á stjórnsludómstól?

Árið 2021 kom út skýrsla Kristínar Benediktsdóttur og Páls Hreinssonar á vegum forsætisráðuneytisins þar sem fjallað var um kosti og galla þess að leggja niður kærunefndir og fela stjórnsludómstól eða eftir atvikum almennum dómstólum verkefni þeirra. Á málstofunni var rætt um valin álitamál og niðurstöður skýrslunnar en alls sóttu um 250 manns málstofuna.

Málstofustjóri var Oddur Þorri Viðarsson lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis og framsögumenn þær Kristín Benediktsdóttir prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands og nýkjörinn umboðsmaður Alþingis, Anna Rut Kristjánsdóttir skrifstofustjóri hjá Umboðsmanni Alþingis og Ásgerður Snævarr lögfræðingur í matvælaráðuneytinu. Nánar verður fjallað um málstofuna í næsta blaði.



F.v. Hildur Briem, Helgi Sigurðsson, Stefán A. Svensson, Sigríður J. Friðjónsdóttir og Eiríkur Jónsson.

# HRAÐAHINDRANIR Á BRAUTUM DÓMSKERFISINS

Í einni málstofu Lagadagsins 2024 var tekið fyrir með hvaða hætti vinna mætti að því að fækka hindrunum í meðferð mála fyrir dómstólum og koma þannig í veg fyrir tafir að óþörfu. Velt var upp hugmyndum um hvernig hægt væri að létta álaginu á Landsrétti sem og mikilvægi þess að lögmenn hefðu öll sönnunargögn tilbúin við þingfestingu mála.

Hildur Briem héraðsdómari og málstofustjóri benti á að það væri hlutverk allra sem koma að rekstri dómsmála að vinna saman að því að halda gæðum og skýrleika í meðferð mála. Þar komi til kasta lögmanna, dómara í einkamálum og sækjenda og verjenda í sakamálum.

## Ábyrgð dómara og lögmanna

Fyrstur hafði framsögu Helgi Sigurðsson héraðsdómari og fór hann yfir þau lagaákvæði sem fjalla um stjórnun þinghalds og málsmeðferð þeirra í héraðsdómi. Hann benti á að í einkamálum, þar sem ekki er um dómkvaðningu matsmanna að ræða, sé mikilvægt að dómara og lögmenn sameinist um að reikna einungis með einu þinghaldi eftir að máli hefur verið úthlutað til sérstaks embættisdómara. Það sé í höndum lögmanna að sjá til þess að öll sönnunargögn séu komin til dóms við þingfestingu máls, þ.e. með stefnu eða við fyrsta tækifæri. Síðan væri afar

æskilegt að lögmenn tilkynntu um það hverjir gæfu skýrslur við aðalmeðferð máls strax í fyrsta þinghaldi.

Helgi sagði að fram til þessa hefði verið stór flöskuhál þegar matsmenn hafa verið dómkvaddir en afar mikilvægt væri að lögmenn kynntu matsbeiðni sína áður en til þinghalds kæmi. Þá væri auðveldara að finna matsmann og einnig að ræða matsspurningar. Helgi benti í lokin á að þó að það séu dómara sem stjórni þinghöldum þá væri það einnig á ábyrgð lögmanna að gæta að málshraða.

## Hlutverk dómara og lögmanna

Næstur með framsögu var Stefán A. Svenson lögmaður og formaður LMFÍ en hann sagðist telja hlutverk lögmanna vera annað en dómara þegar mál væri rekið fyrir dómi. Á meðan hlutverk dómara væri fyrst og fremst að tryggja lögfræðilega rétta niðurstöðu máls væri hlutverk lögmanna að vinna að því að tryggja skjólstæðingi sínum sem besta niðurstöðu. Mat Stefáns væri að menn mættu ekki vera svo uppteknir af málshraða fyrir dómi því að það gæti bitnað á málsforraði aðila. Það yrði að veita aðilum svigrúm til að afla allra gagna sem talin væru þörf við mál. Þó að dómkvöddum matsmönnum væri gefinn tiltekinn frestur til að skila matsgerð væri það sjaldnast þannig að þeir næðu að skila á tilsettum tíma. Þetta lengdi málsmeðferðartíma en mikilvægt væri að matsmenn fengju nægan tíma til að skila sem bestum matsgerðum. Stefán taldi meðferð dómstóla almennt vera skilvirkra.

## Sannleikurinn kjarni sakamála

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sagði að annað réttarfar væri í sakamálum en einkamálum. Kjarninn í sakamálum væri að finna sannleikann og sú skylda hvíldi á sækjanda og dómara að finna sannleikann í hverju máli. Þar séu verjendur svo á hliðarlínunni.

Sigríður sagði það ganga ágætlega að fara eftir leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar um málshraða opinberra mála. Í héraði væri meðalmálsmeðferðartími hvers máls um 3 mánuðir en í Landsrétti um 5 mánuði frá þeim tíma þegar öll gögn hafi verið send Landsrétti.

Sigríður velti því upp hvort unnt sé að stytta málsmeðferðartíma, til dæmis með því að hafa færri þinghöld og nýta meira stafrænar

lausnir eins og við birtingu ákæru og við fyrirkall. Þá mætti velta því upp hvort dómara gætu í vissum tilvikum skipt sér meira af málsmeðferð í Landsrétti.

## Hægt að létta álagi á dómstólum

Að síðustu tók til máls Eiríkur Jónsson dómari í Landsrétti og varaforseti réttarins. Hann sagði afköst hafa aukist í Landsrétti undanfarið en málsmeðferðartími einkamála væri um eitt ár og meðferðartími sakamála mun styttri. Stöðugt þyrfti þó að huga að hvað teldist ásættanlegur málshraði en hann réðist af mörgum þáttum. Til dæmis væri mikilvægt að lögmenn væru markvissir í sínum greinargerðum og að aðalmeðferðir blésu ekki út að óþörfu. Einnig mætti huga að breytingum til að létta álagi á dómstólum, svo sem að dómurinn fengi heimildir til að hafna áfrýjunum, eins og tíðkast á Norðurlöndum, eða hækka áfrýjunarfjárhæðir.

Eftir framsöguerindi sköpuðust nokkrar umræður enda skiptir það verulegu máli fyrir alla sem koma að meðferð dómsmála hvernig þessum málum er háttað.

Málstofan var í alla staði afar áhugaverð og efni hennar eitthvað sem þörf er að ræða reglulega á vettvangi lögfræðinga sem koma að rekstri dómsmála. Vonandi verður þessi umræða nú til þess að málefnið verði tekið áfram og ræddar úrbætur til framtíðar þannig að tryggja megi gæði málsmeðferðar hjá dómstólum ásamt því að hugsað verði um málshraða, sem er mikilvægt einnig.

Hulda Rós Rúriksdóttir



Málstofan um hraðahindranir á brautum réttarkerfisins var vel sótt og hér má m.a. sjá f.v. Gunnar Viðar, Ragnheiði Snorradóttur og Arnald Hjartarson.



Á fimmta tug lögfræðinga hlustuðu á Ragnhildi Hólmgeirsdóttur fjalla um hið ótrúlega Rykkilínsmál á lifandi og skemmtilegan hátt. F.v. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Viðar Pálsson og Þorsteinn Magnússon.

# „HANDALÖGMÁL, MÓÐGANIR OG VARÐHALD Á HEIMILI HÉRAÐSDÓMARA“

Á lagadaginn var í fyrsta sinn haldin málstofa um réttarsöguleg málefni. Nafn málstofunnar vakti þegar athygli undirritaðs, enda hljóma „handalögmál, móðganir og varðhald á heimili héraðsdómara“ sennilega fremur ókunnuglega í eyrum flestra lögfræðinga. Málstofan fjallaði um Yfirréttinn á Íslandi sem starfaði á árunum 1563 til 1800 og var haldin í samvinnu við Sögufélag.

Málstofustjóri var dr. Viðar Pálsson, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands en frummælendur voru Þorsteinn Magnússon héraðsdómari og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir sagnfræðingur og skjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands.

## Yfirrétturinn

Erindi Þorsteins fjallaði um réttarfar við Yfirréttinn og um stöðu hans innan réttarkerfisins. Yfirrétturinn var áfrýjunardómstóll sem var æðsti dómstóll innanlands og mátti áfrýja þangað dómum Lögréttu. Dómum Yfirrettarins mátti síðan skjóta til konungs/ ríkisráðs en síðar Hæstaréttar Danmerkur. Yfirrétturinn var því þriðja dómstigið í fjögurra þrepa dómskerfi. Dómarar við

Yfirréttinn voru í upphafi 24 talsins en var fækkað í 12 og síðar í sex. Dómþing Yfirrettar var haldið í nokkra daga á sumrin og tók rétturinn fyrir að meðaltali tvö mál á ári. Á 18. öld var innleitt réttarfar Norsku laga en fyrir þann tíma var fylgt reglum Jónsbókar um Lögréttu. Mál hófust með útgáfu stefnu og reglur um útivist stefnanda og stefnda báru keim því sem nú tíðkast í einkamálum. Þá bar einnig að stefna dómara neðra dómstigs. Á



**Þorsteinn Magnússon fjallaði um réttarferið á tímum Rykkilínsmálsins.**



**Viðar Pálsson málstofustjóri.**

hinn bóginn var við málsmeðferð enginn greinarmunur gerður á sakamáli og einkamáli. Á síðari hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar urðu hins vegar verulegar breytingar í átt til aðgreiningar. Á tíma Jónsbókar voru helstu sönnunargögn fyrir réttinum aðildareyður, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, játning sakbornings og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Vitnaskýrslur voru þó sjaldan teknar fyrir réttinum og varnaraðili gat svarið fyrir verknað, nema málavextir teldust fullsannaðir. Með Norsku lögum færðust áherslur meira yfir á efnislega sönnun og heimildir til að sanna mál með eidi voru takmarkaðar. Málflutningur var munnlegur í fyrstu en varð fljótlega skriflegur eftir tilkomu Norsku laga. Bindandi réttaráhrif dóma tíðkuðust ekki fyrr en í upphafi 17. aldar, en fram að þeim tíma kváðu dómáramur upp svokallaða óendanlega dóma, þar sem dómarnir stóðu einungis þar til annað taldist sannað!

### **Hið ótrúlega Rykkilínsmál**

Fyrirlestur Ragnildar var tileinkaður einu af frægari dómsmálum 18. aldar, svokölluðu Rykkilínsmáli. Málið hófst með svofelldum ummælum sem Snæbjörn Pálsson (1677-1767) mun hafa haft um kaupmanninn Pétur Arvidsson: „Hann er ærulaus, hann heitir Lúsa-Pétur, hann er kallaður Lúsa-Pétur.“ Ragnildur rakti að á þessum tíma hafi þótt afar gróflega að manni vegið að vera kallaður ærulaus, enda hafi orð, handaband og undirritun ærulauss manns ekki haft neitt gildi. Pétur stefndi Snæbirni fyrir þessi ummæli. Snæbjörn lenti einnig í deilum við sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu, Markús Bergsson, sem var annað vitni kaupmannsins að meiðyrðunum og síðan við sýslumann Strandasýslu, Orm Daðason, sem var dómari í meiðyrðamálinu. Prófasturinn í Ísafjarðarsýslu skipaði Bjarna

Jónssyni, sóknarpresti Snæbjörns, að láta hann biðjast afsökunar frammi fyrir söfnuðinum. Snæbjörn mun hafa brugðist við þessu með því að standa upp úr sæti sínu, ganga að predikunarstólinum á bak við séra Bjarna og kippa í svokallað rykkilín sem var hluti af messuskúrða prestsins. Fyrir þessa móðgun stefndi Bjarni Snæbirni. Markús Bergsson sýslumaður kvað upp tvo dóma yfir Snæbirni árið 1729, fyrst um ævilanga útleið af landinu í svokölluðu stefnuvottamáli en síðan dóm um sex ára erfiðisvinnu á Brimarhólmi í Rykkilínsmálinu. Snæbjörn fékk konungsleyfi árið eftir til að áfrýja dóminum til Yfirréttar. Hann sat í varðhaldi á heimili Markúsar á árunum 1730 til 1731 og reifaði Ragnildur skrautlegar lýsingar á framkomu Snæbjörns í varðhaldinu og af strokutilraunum hans þaðan! Dómur var kveðinn upp í Yfirrétti 1735 og var Snæbjörn dæmdur til að greiða Bjarna Jónssyni tvöfaldað fullrétti, sem þótti alvarlegasta og mest móðgandi sekt sem völ var á, og 30 ríkisdali í málskostnað. Refsing Snæbjörns var hins vegar milduð í eina eykt í gapastokk og Markúsi Bergssyni var gert að greiða honum 20 ríkisdali fyrir of harða refsingu.

Málstofan var með þeim eftirminnilegustu sem undirritaður hefur farið á. Það er sjaldgæft að fjallað sé um réttarsögu á viðburðum lögfræðinga og Rykkilínsmálið er með hreinum ólíkindum. Sá tími hlýtur að koma að það verði gert úr því leikrit eða þáttaröð fyrir sjónvarp.

### **Ásbjörn Jónsson**



LAGADAGS-  
KVÖLDIÐ

**VAR  
GAMAN?**

Oft hafa lögfræðingar látið leynda hæfileika sína blómstra á Lagadaginn og að þessu sinni sá Tómas Sigurðsson um það með því að syngja lög eftir snillingana Johnny Cash og Leoncie. Þvílík orka! Þvílíkir hæfileikar!

Klukkan sjö að kvöldi Lagadags þyrptust lögfræðingar landsins ásamt viðhengjum í Hilton Reykjavík Nordica í meðal annars japanskt majó, önd, rauðrófuhummus, portobelló spjót, Surf & Turf og Tiramisu sem var rennt niður með gylltum veigum. Hér kemur nánari útlitun á kvöldi og ... já það var gaman!



Veislustjóri var Helgi Brynjarsson lögfræðingur og uppistandari og honum tókst að láta salinn liggja. En hvað foreldrum Helga, þeim Arnfríði Einarsdóttur og Brynjari Níelssyni, þótti um uppistandið allt má sjá á meðfylgjandi myndum.



Svo var allt þetta fallega fólk á staðnum ...




# PRENTUN

**Litla & prent**

Umhverfsvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



# METFJÖLDI KVARTANA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA



Úrskurðarnefnd lögmanna bærust alls 51 erindi árið 2023 og hafa þau aldrei verið fleiri. Ætla má að kvartanir verði enn fleiri á þessu ári þar sem 49 erindi bærust nefndinni á fyrstu níu mánuðum ársins.

Áminningar vegna ámælisverðrar háttsemi lögmanna hafa jafnframt aldrei verið fleiri en á árinu 2023 þegar fimm lögmenn sættu átta áminningum.

Á árinu 2023 var fimm kvörtunum beint til nefndarinnar sem einungis vörðuðu ágreining um áskilið endurgjald lögmans skv. 26. gr. laga um lögmenn. Í 11 málum var bæði kvartað vegna ágreinings um endurgjald og vegna háttsemi lögmans skv. 27. gr. laganna. Í 34 málum varðaði kvörtun eingöngu háttsemi lögmans. Þá barst nefndinni ein álitsbeiðni á árinu.

Leyst var úr 37 málum efnislega, sex málum var vísað frá og átta erindi voru afturkölluð. Efnislegar úrlausnir í málum, er vörðuðu ágreining um endurgjald lögmans og skjólstaðings, voru átta og þar af var endurgjald lögmans lækkað í tveimur

málum. Í hinum málunum sex var umkrafið endurgjald talið hæfilegt.

Kveðnir voru upp 35 úrskurðir í málum þar sem kvartað var vegna háttsemi lögmans. Í 23 þeirra komst nefndin að þeirri niðurstöðu að lögmaður hefði ekki gerst brotlegur við ákvæði laga eða siðareglna lögmanna. Nefndin fann að háttsemi fimm lögmanna í jafnmörgum málum en í einu þeirra var fundið að háttsemi lögmans í tvígang. Aldrei hafa jafn margar áminningar verið veittar vegna ámælisverðrar háttsemi lögmanna og á árinu 2023 en samtals sættu fimm lögmenn átta áminningum í sjö



málum. Í þremur tilfellum var lögmanni gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

Í þeim 47 erindum sem byggðu á 27. gr. lögmannalaga var kvartað vegna háttsemi 35 lögmannna. Einn lögmaður átti í hlut í sex málum, annar í fjórum, einn í þremur málum og tveir lögmennt fengu á sig tvær kvartanir hvor.

Á myndinni má sjá fjölda efnislegra úrlausna í kvörtunarmálum vegna háttsemi lögmanns, skipt eftir niðurstöðu, frá því að úrskurðarnefnd tók til starfa árið 1998. Þótt málafjöldi sveiflist

á milli ára er hlutfall úrskurða, þar sem fundið er að háttsemi lögmannna eða þeim veitt áminning, svipað.

Að meðaltali hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu í 57% mála að lögmaður hafi ekki gert á hlut kvartanda með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum lögmannna. Nefndin hefur að meðaltali fundið að störfum lögmanns í 31% mála og í 12% tilvika hefur nefndin talið lögmann hafa sýnt af sér ámælisverða háttsemi sem varði áminningu.

Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður

## Námskeið Lögmannafélags Íslands

### Dvalarleyfi útlendinga - 8. nóvember 2024

Fjallað verður um breytingu á lögum um útlendinga frá því í sumar, sérreglur um komu og dvöl EES-ríkisborgara og aðstandenda þeirra, reglur er varða afturköllun dvalarleyfa, frávísun, brottvísun og endurkomubann.

**Kennari** Claudia Ashanie Wilson lögmaður hjá Claudia & Partners Legal Services.

**Staður** Kennslusalur LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 3 klst. Föstudagur 8. nóvember 2024 kl. 9.00-12.00**

**Verð** kr. 25.200,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 33.600,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 42.000,- fyrir aðra.

Þau sem sækja námskeiðið: Flóttamannaréttur 15. nóvember fá 10% afslátt.

### Orlof – 7. nóvember 2024

Fjallað verður um heimildir orlofslaga til ákvörðunar orlofs, samspil orlofs og starfsloka annars vegar og orlofs og veikinda hins vegar ásamt fleirum álitaeftum sem tengjast orlofi

**Kennari** Lára V. Júlíusdóttir lögmaður hjá LL3 lögmonnum.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 2 klst. Fimmtudagur 7. nóvember 2024, kl. 11.00-13.00.**

**Verð** Kr. 18.000,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 24.000,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 30.000,- fyrir aðra.

**Nánari upplýsingar og skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)**

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

**LOGOS**

**KPMG**  
Law



Styrkþegar, ásamt fulltrúum félagsins í stjórn LMFÍ og stjórn Námssjóðs, komu til fagnaðar einn fagran sumardag í byrjun júlí og skrifuðu undir samninga. F.v. Erla S. Árnadóttir, Reimar Pétursson, Lára V. Júlíusdóttir, Rán Tryggvadóttir, Þórunn Helga Þórðardóttir, Áslaug Björgvinsdóttir, Gunnar Atli Gunnarsson, Stefán A. Svensson, Andri Fannar Bergþórsson og Víðir Smári Petersen.

# LÖGMANNAFÉLAGIÐ STYRKIR FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

Fyrir í sumar veitti stjórn Námssjóðs LMFÍ styrki til fræðistarfa fyrir alls 2.150.000 krónur. Þetta er í þriðja sinn sem styrkir eru veittir úr sjóðnum en fyrst voru höfundar Eignaréttar II styrktir árið 2020. Árið 2023 voru svo tveir styrkir afhentir og runnu þeir til höfunda Eignaréttar III og Viðbótarkröfur í verksamningum svo alls hefur Námssjóður nú veitt 3.700.000 krónur í styrki til fræðasamfélagsins.

Í ársbyrjun voru auglýstir styrkir til lögfræðilegra rannsókna og/eða útgáfu fræðarita sem nýst gætu í daglegum störfum lögmanna. Styrkirnir gátu numið allt að 1.200.000 krónum en móti myndu styrkþegar halda námskeið á vegum félagsdeildar. Alls sóttu átta um styrki og urðu fjórir fyrir valinu.

ásamt verk- og tímaáætlun. Þess má geta að námskeið hafa þegar verið auglýst á vegum félagsdeildar og verða fleiri haldin næstu misserin.

Horft var til reynslu umsækjenda af fyrri fræðiskrifum, fræðilegt gildi umsóknar fyrir störf lögmanna og gagnsemi námskeiðanna



Andri Fannar Bergþórsson hlaut styrk til ritunar fræðirits á sviði verðbréfamarkaðsréttar en meðhöfundur er Aðalsteinn E. Jónasson.



Rán Tryggvadóttir (t.v.) og Erla S. Árnadóttir hlutu styrk til ritunar fræðirits um höfundarétt. Með þeim á myndinni er Stefán A. Svansson formaður LMFÍ.



Víðir Smári Petersen (t.v.) og Gunnar Atli Gunnarsson hlutu styrk til ritunar fræðirits um vanefndaúrræði á sviði verktakaréttar.



Lára V. Júlíusdóttir (t.h.) fékk styrk til að endurskoða og gefa út fyrri rit sín um ráðningarrétt. Hér er hún ásamt Áslaugu Björgvinsdóttur formanni stjórnar Námssjóðs.





Ragnheiður Bragadóttir.

# HEF ALLTAF HAFT ÁHUGA Á MANNLEGA ÞÆTTINUM Í LÖGFRÆÐINNI



Forseti Hæstaréttar Danmerkur, Jens Peter Christensen, afhenti verðlaunin að þessu sinni en þau nema einni milljón sænskra króna, eða um 13,5 milljónum íslenskra. Við afhendinguna sagði Johan Hirschfeldt, f.v. forseti áfrýjunardómstólsins Svea Hovrätt og formaður Lagarannsóknastofnunar Knut och Alice Wallenbergs Stiftelse, að mikilvægt framlag Ragnheiðar í rannsóknum hefði þýðingu bæði á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

Á norræna lögfræðingabinginu, sem haldið var í Kaupmannahöfn í ágúst síðastliðnum, hlaut Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, norrænu lögfræðiverðlaunin fyrir merkar rannsóknir sínar í refsirétti, einkum um kynferðisbrot gegn konum og börnum, réttarreglur um refsivernd umhverfisins, viðurlög við afbrotum, og almennt fyrir mikilvægt framlag til rannsókna á norrænum og alþjóðlegum vettvangi. Það er Knut og Alice Wallenberg stofnunin í Svíþjóð sem veitir verðlaunin fyrir framúrskarandi framlag innan rannsóknarsamfélagsins á sviði lögfræði en verðlaunin eru talin þau virtustu sem veitt eru á sviði lögfræði á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað. Ragnheiður er annar Íslendingurinn sem hlýtur þessi verðlaun en Ármann Snævarr naut þess heiðurs árið 1993. Í tilefni þessa heimsótti blaðamaður Lögmannablaðsins Ragnheiði á skrifstofu hennar í Lögbergi.

*Hvernig líður verðlaunahafanum?*

Mér líður ágætlega, takk. Knut og Alice Wallenberg verðlaunin eru einn mesti heiður sem lögfræðingum á Norðurlöndum getur hlotnast og það er mikil viðurkenning á fræðastörfum mínum að hljóta þau.

*Nú lagðir þú stund á framhaldsnám í refsirétti, afbrotfræði og refsipólitík við Háskólann í Kaupmannahöfn og svo nám í afbrotfræði á meistarastigi við Lagadeild HÍ 1983. Hvað kom til að þú fékkst áhuga á þessu réttarsviði?*

Ég hef alltaf haft áhuga á mannlega þættinum í lögfræðinni, velferð fólks og hvernig samfélagið megi verða betra. Mér finnst ekki nóg að fjalla um þær formreglur sem lagareglurnar eru, heldur hef ég einnig áhuga á veruleikanum sem þær eiga að þjóna og hvernig bæta megi réttinn svo að reglurnar nái tilgangi sínum og sem flestir geti lifað góðu lífi. Refsirétturinn er líka mjög fjölbreytt fræðigrein, þar sem fjallað er um margar grundvallarspurningar, t.d. rökin að baki hinum ýmsu reglum

og heimspekileg viðfangsefni, svo sem hvað réttlæti það að ríkið beiti refsingum.

### **Stöndum nágrannabjóðum langt að baki í umhverfisrefsirétti**

*Þú hefur nú í áratugi lagt stund á umfangsmiklar rannsóknir á löggjöf og dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum og skrifað fjögur grundvallarit auk þess að hafa samíð frumvarp að núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot. Hvað er næst?*

Jafnhliða rannsóknum mínum á kynferðisbrotunum hef ég stundað rannsóknir í umhverfisrefsirétti undir yfirskriftinni „Verndun umhverfis með refsilögum“. Reyndar hóf ég þá vinnu áður en ég byrjaði á rannsóknum um kynferðisbrotin. Upphafíð var þátttaka mín í rannsóknarverkefni um þetta efni sem náði til 32 landa og var unnið á vegum Max-Planck-Institut für ausländisches und internationales Strafrecht í Freiburg im Breisgau í Þýskalandi, en því stýrði Dr. Günter Heine prófessor, sem var frumkvöðull á þessu sviði, og bauð mér að vera með.

Framlag mitt var að gera grein fyrir hvernig umhverfinu væri veitt refsivernd í íslenskum rétti en á þessum tíma var þetta efni algerlega óþlæður akur hérlendis, engar rannsóknir höfðu verið gerðar á þessu sviði og því ekkert verið fjallað um refsíákvæði í lögum um umhverfið. Ekki var til sérstakt ráðuneyti umhverfismála og ekki heldur Umhverfisstofnun. Efnið þurfti því að vinna alveg frá grunni. Afrakstur heildarrannsóknarinnar kom út í bókum á vegum Max-Planck stofnunarinnar á árunum um og eftir 1990. Bókin um réttarstöðuna á Norðurlöndum, þar sem grein mín birtist, Umweltstrafrecht in den nordischen Ländern. Arbeiten zum Umweltrecht 10, kom út í Freiburg árið 1994.

Í framhaldi af þessari vinnu skipulagði ég nýtt námskeið, umhverfisrefsirétt, í meistaranáminu við Lagadeild Háskóla Íslands sem ég kenndi fyrst haustið 1996 og hef kennt fram á þennan dag. Jafnframt hef ég haldið áfram rannsóknum mínum í umhverfisrefsirétti og hyggst gera það áfram. Ég fjalla um ákvæði almennra hegningarlaga og sérrefsilaga um brot gegn umhverfinu, með samamburði við norrænan rétt, m.a. um séreinkenni þessara brota og ástæður þess hve erfitt er að koma fram refsíabyrgð fyrir þau. Ég hef birt fjölda bókarkafli og fræðigreina um þetta efni, bæði hér heima og erlendis. Þá má nefna að frá síðustu aldamótum hef ég dvalið reglulega við rannsóknarstörf við Max-Planck stofnunina í Freiburg, þangað sem rekja má upphaf rannsókna minna á þessu réttarsviði.

*Hvernig eru íslensk réttarákvæði á þessum sviðum í samamburði við nágrannalöndin?*

Í stuttu máli má segja að við höfum staðið okkur nokkuð vel hvað varðar löggjöf um kynferðisbrotin. Þannig hefur ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum verið breytt nokkrum sinnum frá aldamótum, m.a. til að fullnægja skuldbindingum skv. alþjóðasamningum, t.d. Evrópuráðssamningi um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum (Lanzarote samningnum). Á síðustu árum hefur notkun samskiptamiðla og ný tækni kallað á lagabreytingar og við því hefur verið brugðist, t.d. með ákvæði um refsínæmi þess að mæla sér mót við börn í kynferðislegum tilgangi m.a. á netinu (4. mgr. 202. gr. hgl.), nýju ákvæði í 199. gr. a hgl. um kynferðislega friðhelgi, þ. á m. stafrænt kynferðisofbeldi og nýju ákvæði í 232. gr. a um umsáturseinelti.

Sömu sögu er hins vegar ekki að segja á sviði umhverfisrefsiréttar, þar stöndum við nágrannaþjóðum okkar langt að baki. Að sumu leyti hefur löggjöfin þó batnað á síðustu árum, t.d. á sviði natúruverndar þar sem eru nýleg og skýr refsíákvæði. Löggjöfin um mengun lands og lofts er hins vegar mjög ófullkomin ekki síst frá sjónarhóli refsiréttar, þar sem refsíheimildir eru mjög ófullkomnar. Þá hefur þeim reglum



**Ragnheiður hefur stundað rannsóknir og kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands frá 1984 og dvalið við rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum, Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hún er mjög virk í norrænu og alþjóðlegu samstarfi og var m.a. fulltrúi Íslands í Norræna sakfræðiráðinu 1998-2012, varaformaður þess frá 2007-2009 og formaður 2010-2012.**

varðandi refsivernd umhverfisins sem þó eru í lagi mjög lítið verið beitt af dómstólum.

### Fræðimennskan lífsstíll

*Nú ert þú búin að vera við kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands í 40 ár. Þú varðst fyrst kvenna prófessor í lögfræði árið 2000. Var fræðasamfélagið alltaf þér efst í huga?*

Eftir að námi lauk var ég um skeið dómarafulltrúi í Sakadómi Reykjavíkur og síðan fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu. Hvort tveggja var mjög áhugavert og lærdómsríkt. En ég hef meiri áhuga á fræðimennskunni og því frelsi sem hún veitir, bæði varðandi val á viðfangsefnum og hvernig maður fjallar um þau. Þá tekur langan tíma að byggja upp þekkingu og reynslu á hverju fræðasviði og stofna og viðhalda tengslum við erlenda fræðimenn. Erlenndis er algengara en hér að þeir sem leggja fyrir sig fræðimennsku starfi á því sviði alla starfsævina, þótt á því séu auðvitað undantekningar. Að vera fræðimaður er að vissu leyti ákveðinn lífsstíll, sem krefst mikils áhuga og helgunar í starfi. Þá gefur það möguleika á að hafa áhrif á þróun samfélagsins, bæði með fræðiskrifum og einnig kennslu, þegar stúdentar fara út í samfélagið með þá gagnrýnu sýn á réttinn sem ég tel svo mikilvæga.

*Nú hefur þú kennt við Háskóla Íslands í 40 ár. Ert þú ekkert að hugsa um að setjast í helgan stein?*

Það styttist í að ég hætti að kenna en hvað þá tekur við verður tíminn að leiða í ljós. Ég er enn að vinna að ýmsum rannsóknarverkefnum, m.a. í samstarfi við erlenda fræðimenn, sem ég hef áhuga á að ljúka við.

Eyrún Ingadóttir

# JÓNAS A. AÐALSTEINSSON

KVEDJA FRÁ LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS



Með Jónasi A. Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni er genginn einn reynslumesti lögmaður í sögu íslensku lögmannastéttarinnar. Hann öðlaðist mállutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1963 og fyrir Hæstarétti 1968 og starfaði sem lögmaður allt til dánardags, eða í um 60 ár. Jónas gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Lögmannafélag Íslands. Hann sat í stjórn félagsins árin 1967-1969 og 1979-1981 og sat einnig í ýmsum nefndum þess um lengri eða skemmri tíma.

Jónas var ásamt fleirum brautryðjandi þegar kom að uppbyggingu í rekstri og starfsemi lögmannsstofa hér á landi en saga hans í lögmennsku er samofin lögmannsstofunni Lex sem er meðal stærstu og rótgrónustu lögmannsstofa landsins. Jónasi var alla tíð treyst fyrir fjölbreyttum verkefnum á megin sviðum íslenskrar lögfræði og gegndi lykilhlutverki í samningagerð í mörgum stórum framkvæmdum, þar á meðal á sviði orkuréttar og mannvirkjagerðar, ásamt því að flytja fjöldann allan af málum á löngum starfsferli sínum. Jónas lýsti sjálfum sér sem „tæknifikli“ og var alla tíð áhugasamur um að nýta nýjustu tækni við lögmannsstörfin, allt frá ljósritunarvélum sem voru að ryðja sér til rúms á sínum tíma til snjallsíma.



Jónas ásamt Ragnari A. Aðalsteinssyni lögmanni (t.v.) á Lagadaginn 2021 en þeir eiga lengstan starfsaldur lögmannna á Íslandi. Jónas starfaði við lögmennsku í alls 59 ár en Ragnar hóf lögmennsku árið 1962 og hefur því starfað í 62 ár sem lögmaður.

Fyrir Jónasi var lögmennskan ákveðinn lífstíll. Í viðtali við Lögmannablaðið fyrir nokkrum árum lýsti Jónas því að hann hefði aldrei langað til að setjast í helgan stein og alltaf haft gaman að starfinu. Ekkert jafnaðist heldur á við að mæta á skrifstofuna og hitta samstarfsfélagana.

Sá er þetta ritar var þess aðnjótandi að starfa í sama húsi og Jónas um margra ára skeið. Alltaf tókum við tal saman ef við hittumst við lyftuna og yfirleitt snerust umræðurnar um lögfræðina og anga hennar sem Jónas hafði alltaf jafn mikinn áhuga á. Síðasta spjall okkar er mér minnisstætt, en það fór fram á bílastæðinu að Borgartúni 26 í vor og snerist ekki um lögfræði heldur um hvor okkar hefði lagt bíl sínum verr þann daginn og mátti ekki á milli sjá.

Fyrir hönd Lögmannafélags Íslands þakka ég Jónasi samfylgdina og störf í þágu félagsins um leið og félagið sendir fjölskyldu hans samúðarkveðjur.

**Stefán A. Svansson, formaður LMFÍ.**

Greinin birtist upphaflega í Morgunblaðinu og er endurbirt í Lögmannablaðinu með samþykki Morgunblaðsins.



Jónas á milli þeirra Sveins Snorrasonar (t.v.) og Guðmundar Ingva Sigurðssonar (t.h.) en hann byrjaði lögmannsferilinn með því að leigja hjá þeim skrifstofu. Þeim féll vel að vinna saman og „renndu því saman í félag“ ásamt Jóhannesi L.L. Helgasyni sem varð síðar að lögmannsstofunni Lex.

# MEISTARAMÓT Á SUMARDAGINN NÆSTSÍÐASTA: AF SÓLARSAMBA OG SIGURVEGURUM

Föstudaginn 13. september síðastliðinn, þann lukkadag, var haldið hið árlega meistaramót LMFÍ í golfi. Alls tóku 32 þátt í mótinu, fjórar konur og 28 karlar, sem að þessu sinni fór fram á Korpuvelli Golfklúbbs Reykjavíkur.



Veðrið lék við höfuðborgarbúa á sumardaginn næstsíðasta. Hér eru þeir Ingvar Smári Birgisson (t.v.) og Ólafur Evert Úlfsson (t.h.) golfmeistari LMFÍ árið 2023 í önnum á einu gríni vallarins





**F.v. Gestur Gunnarsson, Stefán Þór Eyjólfsson, sem fór kampakátur heim með fangið fullt af vinningum af meistaramóti LMFÍ, og Tómas Sigurðsson.**

**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir gat ekki verið við verðlaunaafhendinguna og kom síðar á skrifstofu LMFÍ og tók við silfurverðlaunum. Þess má geta að hún er fyrsta konan til að vera á verðlaunapalli á meistaramóti LMFÍ frá upphafi.**

Það blés dálítið á keppendur þegar þau mættu við fyrrum mjólkurbú Thors Jensen þennan síðasta sumardag en er leið á gátu flest kastað af sér klæðum þar sem vindinn lægði. Sömu leiðis skein sólin skærar á keppendur en samanlagt í allt sumar og haft er fyrir satt að sum hver hafi tekið nokkur sólarasambaspor á leið milli brauta. Þannig var nú stemningin daginn þann!

### Verðlaunagolf

Golfnefnd LMFÍ, sem í voru að þessu sinni þær Þýri Steingrímsdóttir formaður og Inga Lillý Brynjólfsdóttir, lagði niður lögmansstörf í aðdraganda meistaramótsins í þeim tilgangi að ná hagstæðum samningum við styrktaraðila mótsins. Árangurinn var einstakur í golfsögu félagsins en í teiggjafir voru m.a. drykkir frá Agli Skallagrímssyni, snyrtivörur frá Nathan & Olsen, servíettur frá Dimm og golfkúlur merktar LMFÍ. Í vinninga voru m.a. gjafabréf frá GR fyrir eitt holl að spila á völlum klúbbsins, inneignir frá Garmin og æfingataska frá versluninni Dimm auk hefðbundinna vinninga og verðlaunagripa.

### Meistarar

Veitt voru verðlaun fyrir fyrsta og annað sæti í höggleik og punktakeppni en golfmeistari LMFÍ er ætíð sá/sú sem hlýtur flesta punkta. Að þessu sinni sigraði Stefán Þór Eyjólfsson bæði höggleikinn og punktakeppnina naumlega, Gestur Gunnarsson var í öðru sæti í höggleik og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir var í öðru sæti í punktakeppni. Þá hlaut Tómas Sigurðsson bæði nándarverðlaunin að þessu sinni, var rúmlega einn metra frá holi á 13. braut og rúmlega fjóra metra á 7. braut. Úrslit voru með þessum hætti:

### Höggleikur

Stefán Þór Eyjólfsson 76 högg (betta skor á seinni 9)  
Gestur Gunnarsson 76 högg



**Golfnefndin knáa, Inga Lillý Brynjólfsdóttir og Þýri Steingrímsdóttir, ásamt meistara meistaranna Stefáni Þór Eyjólfssyni sem gerði sér lítið fyrir og vann bæði punktakeppnina og höggleikinn.**

### Punktakeppni

Stefán Þór Eyjólfsson 38 punktar  
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir 37 punktar

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir gat ekki verið við verðlaunaafhendinguna og kom síðar á skrifstofu LMFÍ og tók við silfurverðlaunum. Þess má geta að hún er fyrsta konan til að vera á verðlaunapalli á meistaramóti LMFÍ frá upphafi.

Eyrún Ingadóttir, Inga Lillý Brynjólfsdóttir og Þýri Steingrímsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND LÖGMANNA

EINAR GAUTUR STEINGRÍMSSON LÖGMAÐUR,  
FORMAÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA



Í þessum pistli verður gerð stutt grein fyrir Úrskurðarnefnd lögmanna og störfum hennar.

Í 3. gr. 1. nr. 77/1998 (hér eftir nefnd lml.) kemur fram að nefndin starfi í tengslum við LMFÍ en sé sjálfstæð. Í sjálfstæðinu felst að LMFÍ hefur ekkert yfir nefndinni að segja eða störfum hennar. LMFÍ þarf þó að standa straum af kostnaði af störfum nefndarinnar.

Þessu fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að og styrkja sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Sjálfstæði hennar fær oft ekki mikið vægi í umræðunni en er einn af hornsteinum réttarríkisins. Án sjálfstæðra lögmanna, sem gæta af einurð þeirra hagsmuna sem þeim eru faldir, verður réttarríkið miklu veikara. Í löndum þar sem stjórnarhættir eru einræðislegir og/eða yfirgangssamir reynir á þetta sjálfstæði. Þar er gjarnan vegið að sjálfstæði lögmanna því sjálfstæðir lögmennt eru slíkum stjórnvöldum þyrnir í augum. Með þessu er m.a. verið að vernda hagsmunum einstaklinga og lögaðila sem þykir á sér brotið og tryggja að þeir fái náð fram rétti sínum.

Nefndin er skipuð þremur mönnum tilnefndum til þriggja ára. Einn er skipaður af LMFÍ, einn af Hæstarétti og einn af dómismálaráðherra. Hæstiréttur þarf að skipa sjálfstætt starfandi hæstaréttarlögmann. LMFÍ getur gert það einnig. Dómismálaráðherra getur skipað hvern sem er. Með þessari aðferð við skipun nefndarmanna er sjálfstæði lögmannstéttarinnar styrkt. (Sjá 3. gr. lml.).

Samkvæmt 26. gr. lml. getur nefndin fjallað um ágreining um þóknun lögmanna og geta bæði lögmaður og umþjóðandi borið slíkan ágreining undir nefndina. Skilyrðið er þó að um ágreining sé að ræða. Lögmaður getur ekki farið með mál til nefndarinnar fyrir þær sakir einar að umþjóðandi hans geti ekki eða vilji ekki greiða reikning vegna þóknunar.

Nefndin getur ekki tekið upp mál að eigin frumkvæði en samkvæmt 27. gr. lml. er hægt að kvarta yfir störfum lögmanna. Aðild á sá sem telur á sér brotið. Í 2. gr. siðareglu er talað um að lögmanni beri að gæta heiðurs stéttarinnar í störfum sínum og öðrum athöfnum. Lögsaga nefndarinnar samkvæmt 27. gr. lml. tekur hins vegar aðeins til starfa lögmanna og getur nefndin því ekki tekið á háttsemi lögmanna utan starfs þeirra. Slíkum erindum hefur nefndin vísað frá sér.

Máli útaf 27. gr. getur lokið með þrennskona niðurstöðu. Í fyrsta lagi að lögmaður hafi ekki brotið af sér. Í öðru lagi að hegðan hans sé aðfinnsluverð. Í þriðja lagi gæti niðurstaðan orðið sú að lögmaður sæti áminningu. Áminning er ekki beinlínis hugsuð sem refsing heldur skilaboð til lögmanna um að ef hann haldi áfram á sömu braut kunni það að leiða til beitingar 14. gr. lml. Verður nú vikið að því ákvæði.

Samkvæmt 14. gr. lml. getur úrskurðarnefndin lagt til sviptingu lögmanna réttinda ef lögmaður hefur í störfum sínum brotið „svo mjög“ eða „ítrekað“ gegn lögum eða siðareglum lögmanna að ekki verði við það unað að hann hafi áfram réttindi sem lögmaður. Komi þessi staða upp sendir nefndin bréf til viðkomandi lögmanna um að hún hafi tekið til skoðunar hvort lögð verði til, við sýslumann, svipting lögmanna réttinda, tímabundin eða varanleg. Lögmaðurinn fær þá andmælafrést áður en nefndin tekur ákvörðun um að setja málið í slíkan farveg. Fari mál til sýslumanns er það úr höndum nefndarinnar og þarf sýslumaður að taka afstöðu til tillögunnar innan tveggja mánaða.

Nefndin er ekki bundin af málsforræðisreglunni (1. mgr. 4. gr. lml.). Af því leiðir að nefndin getur byggt niðurstöður sínar á öðrum rökum eða fleiri rökum en málsaðilar færa fram máli sínu til stuðnings. Um störf hennar gilda stjórnsýslulög nema lögmanna lögin geymi einhver sérákvæði (1. mgr. 4. gr. lml.). Af 26. gr. og 27. gr. lml. leiðir þó að nefndin er í meginatriðum

bundin af kröfum aðila. Ef aðili kvartar yfir tiltekinni háttsemi lögmanns getur nefndin ekki beitt viðurlögum vegna annarrar háttsemi sem lögmaður hefur viðhaft gagnvart kvartanda jafnvel þótt hún teldi ærna ástæðu til. Aðilar hafa því forræði á kröfum sínum. Það breytir því þó ekki að nefndin getur skýrt kröfur aðila á þann hátt að þær falli að 26. gr. eða 27. gr. lml. Aðili sem t.d. krefst þess að lögmaðurinn verði talinn óhæfur til að starfa sem lögmaður fær t.a.m. úrlausn um hvort beita skuli viðurlögum samkvæmt 27. gr. lml.

Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnslustigi en hægt er að höfða mál fyrir dómstólum til þess að fá þá ógilta (28. gr. lml.). Slík málsókn frestar ekki réttarhrifum þeirra enda ekki um málskot að ræða til dómstóla heldur mál til ógildingar (2. mgr. 4. gr. lml.). Úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir (28. gr. lml.).

## BÓKASAFNI LMFÍ LOKAÐ

Um langt skeið hefur bókasafn Lögmannafélagsins lítið verið notað af lögmonnum. Árið 2020 var að hætt að panta inn nýjar bækur og ákveðið að byrja að veita styrki til fræðimanna sem sinna þeim réttarsviðum sem koma sér vel í lögmennsku. Nýlegar styrkveitingar eru til umfjöllunar á öðrum stað í blaðinu. Nú hefur verið ákveðið að loka bókasafninu fyrir fullt og allt.

Síðastliðið vor var sent út boð til bókasafna háskólanna fjögurra til að athuga hvort þau hefðu áhuga á að taka við safninu í heilu lagi. Gert var samkomulag við bókasafn Háskólans í Reykjavík um að taka þær bækur sem það vildi gegn því að gefa lögmonnum kost á því að nota safnið.

Lögmenn geta nú komið á opnunartíma bókasafns Háskólans í Reykjavík og nýtt sér safnkostinn sem þar er, bækur jafnt sem rafrænar heimildir. Í byrjun október var svo haldin sérstök kynning þar sem upplýsingafræðingar skólans fóru



**Bókasafnið tók til starfa á 80 ára afmæli félagsins árið 1991 og hættir starfsemi á breyttum tímum, nú 33 árum síðar.**

yfir lögfræðilegan bókakost sinn og rafræna gagnabanka sem vonandi munu nýtast félagsmonnum vel í framtíðinni.

Þær bækur sem eftir standa verða auglýstar gefins til lögmanna landsins síðar í haust en ætlunin er að eiga áfram Alþingis-tíðindi, Stjórnartíðindi og Hæstaréttardóma ásamt eldri bókum sem félaginu hefur verið gefið, t.d. af erfingjum Jóns E. Ragnarssonar og Auðar Auðuns.

[Eyrún Ingadóttir](#)



juris

# Námskeið Lögmannafélags Íslands



## Skiptastjórn þrotabúa - 14. og 16. janúar 2025

Farið verður yfir feril skipta þrotabúa frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á starf og meginskyldur skiptastjóra og þau praktísku álitaefti sem koma upp við skipti þrotabúa, s.s. fyrstu aðgerðir skiptastjóra, meðferð og ráðstöfun veðsettra og óveðsettra eigna, skuldajöfnuð og aðkomu kröfuhafa að málefnum þrotabús. Þá verður fjallað um meðferð krafna og ágreiningsmála, riftun ráðstafana, úthlutun og lok gjaldþrotaskipta.

<b>Kennari</b>	Porsteinn Einarsson lögmaður hjá Forum lögmonnum.
<b>Staður</b>	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
<b>Tími</b>	Alls 8 klst. (2x4). Þriðjudagur 14. og fimmtudagur 16. janúar 2025 kl. 13.00-17.00.
<b>Verð</b>	kr. 48.000,- fyrir félaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 64.000,- fyrir félaga í LMFÍ og LÍ en kr. 80.000,- fyrir aðra.

## Munnlegur málflutningur – 23. janúar 2025

Farið verður yfir hvað einkennir góðan málflutning í dómsal sem og skipulag og uppsetningu góðrar málflutningsræðu. Hvað einkennir slæma ræðumennsku og hvaða atriði í málflutningi telja dómamarar skipta mestu máli? Þá verður einnig farið yfir framkomu gagnvart vitnum og dómurum.

Námskeiðið var síðast haldið á vorönn 2021 en þátttakendur sögðu meðal annars:

- ✓ Þetta var frábært námskeið.
- ✓ Það var æðislegt að fá að heyra í reyndum lögmonnum sem miðluðu af eigin reynslu.
- ✓ Ég var sérstaklega spennt að heyra frá dómamanum í hópnum enda fær maður sjaldan upplýsingar um hvað þeim finnst eða hvað þeir eru að spá.
- ✓ Ég hafði gott af þessum áminningum og holrráðum.

<b>Kennarar</b>	Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður hjá Landslögum, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður hjá VHV og Ásgerður Ragnarsdóttir Landsréttardómari.
<b>Staður</b>	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
<b>Tími</b>	Alls 4 klst. Fimmtudagur 23. janúar 2025 kl. 13.00-17.00.
<b>Verð</b>	kr. 36.000,- fyrir félaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 48.000,- fyrir félaga í LMFÍ og LÍ en kr. 60.000,- fyrir aðra.

Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

